

**Fiskrannsóknir á vatnasvæði
Þjórsár árið 1999**

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Magnús Jóhannsson

Selfossi, nóvember 1999 VMST-S/99007

Unnið fyrir Landsvirkjun

Veiðimálastofnun Suðurlandsdeild
Austurvegi 1 800 Selfoss

Efnisyfirlit.

	Bls.
Ágrip	1
Inngangur	2
Staðhættir	2
Lax- og silungsveiði	3
Seiðasleppingar	3
Niðurstöður	5
Seiðarannsóknir	5
Aldur á göngufiski	5
Endurheimtur úr seiðasleppingum	6
Göngur upp laxastigann í Búða	7
Umræða	7
Þakkarorð	9
Heimildir	9
Myndir og töflur	11-22

Ágrip.

Skýrsla þessi fjallar um rannsóknir Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar á vatnasvæði Þjórsár árið 1998. Viðlíka rannsóknirnar hafa verið gerðar árlega frá 1993 og eru þáttur í verkefni sem miðar að því að fylgjast með seiðabúskap ofan fossins Búða í Þjórsá með sérstakri áherslu á landnám laxa. Við Búða var byggður fiskstigi árið 1991. Seiðabúskapur er kannaður með rafveiðum og teljari fylgist með göngum upp fiskstigann í Búða. Lagt var mat á árangur seiðasleppinga með merkingum. Fullorðinn göngulax var aldursgreindur. Rannsóknirnar eru unnar fyrir Landsvirkjun í samvinnu við Veiðifélag Þjórsár.

Náttúrulegt klak fannst í Fossá og Minnivallalæk og seiði úr náttúrulegu klaki fundust í Þjórsá ofna Búða. Náttúrulegt klak hafði áður fundist ofan stigans árin 1994, 1995, 1997 og 1998. Einnig fundust laxaseiði upprunnin úr sleppingum sumaralinna seiða. Talsvert fannst af náttúrulegum urriðaseiðum sem voru sem fyrr víðast ríkjandi á svæðinu ofan Búða. Seiðaástand laxaseiða var fremur slakt í Kálfá. Almennt má segja að vöxtur seiðanna hafi verið góður.

Samkvæmt bráðabirgðaveiðiskýrslum var óvenju mikil laxgengd í Þjórsá í sumar. Skýringin liggur líklega í tiltölulega sterkum náttúrulegum árgangi, að viðbættum sleppiseiðum og náttúrulegu uppeldi á nýju landnámssvæði laxa ofan Búða. Teljarinn í Búða nam aukna laxgengd. Þrátt fyrir að vera í ólagi í júlí greindi hann 61 fisk á ferð upp, þar af voru 37 laxar. Þetta er mun meiri gengd en áður. Sumaralin sleppiseiði frá árunum 1995 og 1996, skiluðu sér í talsverðum mæli á vatnasvæðið í sumar. Heimtur úr hópum merktra seiða frá 1995 og 1996 eru um 0,59 % og 0,52 %. Athygli vekur hversu seiðin fara fljótt til sjávar, en allnokkur hluti þessara árganga fór til sjávar strax vorið eftir sleppingu. Þetta er vísbending á góð skilyrði fyrir uppeldi laxaseiða.

Rannsóknir á fiskgengd upp Búða og seiðarannsóknir á svæðinu ofan hans hafa sýnt að lax gengur á svæðið og hrygnir þar með árangri. Laxgengd og náttúrulegt uppeldi er enn lítið en virðis vera að aukast. Til að fylgjast með árangri seiðasleppinga er rétt að halda merkingum áfram enda hafa þær gefið miklar upplýsingar hingað til. Árangur af landnámi laxa ofan Búða verður hinsvegar best athugaður með áframhaldandi seiðarannsóknum. Koma þarf á reglulegum mælingum á svifaur í Þjórsá ásamt hitamælingum en þessir þættir hafa áhrif á lífríkið og fiskgöngur upp Þjórsá.

Inngangur.

Fiskrannsóknir Veiðimálastofnunar á vatnasvæði Þjórsár, sem staðið hafa í sjö ár, hafa aðallega tekið fyrir athugun á seiðaástandi ofan við fossana Búða og Hestfoss í Þjórsá, en Þjórsá er laxgeng frá náttúrunnar hendi að þessum fossum. Frá árinu 1991 hefur fiskstiginn í Búða stækkað uppeldissvæði fyrir lax verulega. Talsverðu magni laxaseiða hefur verið sleppt á svæðið ofan fossa, m. a. í þeim tilgangi að meta gæði þess til uppeldis laxaseiða og að flýta fyrir landnámi laxa á svæðinu.

Eins og undanfarin ár var seiðabúskapur kannaður með rafveiðum á svæðinu ofan Búða og einnig til samanburðar á fiskgengum svæðum neðan hans. Árangur seiðasleppinga var metinn með, merkingum og aldursgreiningu á fullorðnum laxi úr netaveiði í Þjórsá. Fiskteljari skráði fiskgöngur upp stigann í Búða. Rannsóknirnar voru unnar fyrir Landsvirkjun í samvinnu við Veiðifélag Þjórsár.

Staðhættir.

Þjórsá er með blönduðum dragár jökuls- og lindaréinkennum. Að jafnaði er rennsli árinna við Urriðafoss um $368 \text{ m}^3/\text{sek.}$ og vatnasvið við ós er 7.530 km^2 . Þrjár virkjanir eru á vatnasvæðinu, Búrfellsvirkjun í Þjórsá og Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun í Tungnaá. Unnið er að enn frekari virkjunum á Þjórsásvæðinu. Vegna virkjanna hafa orðið nokkrar rennslisbreytingar í Þjórsá, en þær helstu eru að rennsli yfir vetrarmánuðina hefur aukist um allt að þriðjung.

Svæðið sem opnaðist í Þjórsá við gerð Búðastigans er allt að Þjófafossi og Búrfellsvirkjun. Neðan Búrfells að Búða eru allvíða góð skilyrði fyrir uppeldi laxaseiða. Til Þjórsár, ofan Búða, falla ýmsar ár og lækir og eru þeirra helst, Minnivallalækur að austan, Fossá, Sandá og Þverá að vestan (mynd 1). Minnivallalækur er lindá en hinar árnar eru dragár. Lax kemst nú í Sandá og Þverá hennar Hvammsá, í allan Minnivallalæk en aðeins neðstu 1,5 km í Fossá og um 1,0 km upp eftir Þverá. Allnokkur svæði eru í Þveránum með búsvæðum fyrir lax. Urriði og bleikja eru á svæðinu frá náttúrunnar hendi.

Við Búðafoss tekur Þjórsá að renna í tveimur kvíslum um Árnesið (mynd 1). Í eystri kvíslinni, Árneskvísl, rennur áin um 6,5 km leið að Hestfossi, sem er að mestu ófiskgengur. Neðan fossa er áin á stórum svæðum fremur lygn og að miklu leyti með sandbotni. Straumþung gljúfur eru á um 5 km kafla ofan við Urriðafoss. Þar eru víða uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði. Kálfá, er eina Þverá

Þjórsár sem lax gengur nú í á fiskgenga hlutanum. Hún er allvatnsmikil dragá, og rennur vestan að til Þjórsár, um 4 km neðan við Búða.

Lax- og silungsveiði.

Lax er veiddur í net í Þjórsá. Meðalveiði árána 1989-1998 var 1.971 laxar. Mest var veiðin 5.582 laxar árið 1978 (mynd 2). Veiðin hefur sveiflast milli ára. Á sl. ári (1998) veiddust 2.099 laxar í net í Þjórsá. Silungur er veiddur í Þjórsá og Kálfá. Skráning á afla hefur verið ábótavant en fer batnandi. Á árunum 1993 til 1998 veiddust, samkvæmt skýrslum, að jafnaði 140 sjóbirtingar í net í Þjórsá. Bleikjuveiði er mjög lítil, eða að jafnaði 9 fiskar sömu ár. Allnokkur stangveiði er stunduð á silungi í Þjórsá, en ekki liggja fyrir skýrslur um afla. Stangveiði er í Kálfá. Þar hafa á árunum 1987 til 1998 að jafnaði veiðst 47 laxar 53 urriðar/sjóbirtingar og 36 bleikjur (Guðni Guðbergsson 1999). Ekki liggja fyrir endanlegar tölur fyrir árið 1999 en bráðabirgðatölur benda til að laxveiði í Þjórsá hafi verið u. þ. b. 50 % meiri að fjölda til en árið 1998.

Seiðasleppingar.

Á síðustu árum hefur talsverðu magni sumaralinna laxaseiða og laxagönguseiða verið sleppt á vatnasvæði Þjórsár (tafla 1). Hluti seiðanna hefur verið örmerktur. Sumaröldum seiðum hefur verið dreift á áður ófiskgeng svæði sem opnuðust við gerð fiskstigans í Búða. Þau hafa farið í Þjórsá (vesturbakka og austurbakka), Sandá, Þverá, Fossá og Minnivallalæk. Sumarið 1995 voru um 10.000 sumaralin seiði örmerkt (tafla 7). Sumarið 1996 voru um 4.000 gönguseiði og 8.000 sumaralin seiði örmerkt. Vorið 1997 voru um 6.000 gönguseiði merkt. Engin sumaralin seiði fóru á vatnasvæðið sumarið 1997. Ástæðan er sú að ekki náðist klakfiskur úr ánum 1996. Sumarið 1998 fóru 100.700 sumaralin seiði á svæðið ofan Búða (tafla 1) og voru um 10.000 þeirra örmerkt. Merktum seiðum var dreift 1. og 2. júlí. Meðallengd seiðanna var 8,0 sm og þyngdin var 8,8 g. Í júní 1999 var sleppt um 70.000 sumaröldum seiðum á svæðið ofan Búða. Seiðunum var að mestu dreift í Þjórsá. Austanmegin var dreift frá svæði á mótis við Búrfell og niður fyrir Ölmóðsey. Vestanmegin fór mest á svæðinu frá Gaukshöfða og niður fyrir Haga en einnig milli Fossár og Sandár. Þá var dreift í Sandá Fossá og Þverá. (Sveinn Sigurjónsson munnl. uppl). Um 10.000 þessara seiða voru

örmerkt í þremur jöfnum hópum sem fóru í Þjórsá við Haga (4.041 stk), í Fossá (3.037 stk.) og Þverá (3.020 stk.). Seiðin votu að jafnaði 8,3 sm og 7,9 g við merkingu 18. júní.

Tafla 1. Sleppingar laxaseiða á vatnasvæði Þjórsár árin 1993 til 1999.

Ár	1993			1994		1995		1996		1997	1998	1999
Sleppiá	Sumaralín seiði	Hautseiði	Gönguseiði ¹⁾	Sumaralín seiði	Gönguseiði ²⁾	Sumaralín Seiði	Gönguseiði	Sumaralín seiði	Gönguseiði	Gönguseið	Sumaralín seiði	Sumaralín seiði
Fossá/ Rauðá			10000	6000	13000	6700	18000	17500	6000	26000	35000	8000
Sandá				1000		1200		5000		5000	5000	
Þverá	17900	1200			13000	6600	11300	17500	6000		15700	3000
Minni- vallal.	4000	1200	6600	2000	7000	5000	10200	10000	3000	16000		
Þjórsá vesturb.	17900			6000		6700		20000			20000	34000
Þjórsá austurb.	14600										25000	25000
Kálfá		5000	5000	5000			6000					
Samt.	54400	7400	21600	20000	30000	26200	45500	70000	15000	53000	100700	70000

1) Þar af 3500 eins árs undirmálsseiði. 2) Þar af 2000 eins árs undirmálsseiði.

Við mat á heimtum eru örmerkin lögð til grundvallar. Merkjaskil hafa verið misjöfn (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1994) og eru raunverulegar heimtur því áætlaðar út frá heildarveiði og fjölda merkja þar sem góð skil eru á merkjum.

Niðurstöður.

Seiðarannsóknir.

Þéttleiki, lengdar-, aldurs- og tegundasamsetning og útbreiðsla seiða var könnuð með rafveiðum. Seiðaðþéttleiki var metinn sem veidd seiði á 100 m^2 í einni rafveiðifyrferð. Veitt var á 10 stöðum ofan Búða og 3 neðan hans (mynd 1). Seiðarannsóknirnar fóru fram 5. til 11. Ágúst.

Í töflum 2 og 3 og myndum 3- 9 koma fram niðurstöður seiðarannsókna. Náttúrulegt laxaklak fannst í Fossá, Minnivallalæk og Þjórsá neðan við Minnivallalæk (st. 11). Laxaseiðin voru á fyrsta og öðru ári. Sleppiseiði á fyrsta ári fundust í nokkrum mæli í Þjórsá við Haga (st. 12) og í Fossá. Sleppiseiðin á fyrsta ári í Þjórsá við Haga, sem öll voru uggaklippt, voru að meðaltali 9,1 sm og stærð þeirra gefur til kynna að mörg þeirra nái að gangi til sjávar á næsta vori. Þau voru 8,3 sm þegar þeim var sleppt í júní. Lítið kom fram af eins árs sleppiseiðum. Að öðru leyti voru urriðaseiði víðast hvar ríkjandi. Urriðaseiði (einkum 0+ seiði) voru í mestum mæli neðst í Minnivallalæk og í Þjórsá neðan hans en einnig fannst nokkuð af þeim við Haga (1+ seiði).

Í Þjórsá, neðan Kálfár, fundust náttúruleg urriða- og laxaseiði í talsverðum þéttleika og ágætum þroska. Þar voru núll til tveggja ára laxaseiði. Í Kálfá, á neðri stöð (st. 17), var nokkuð af laxaseiðum á fyrsta ári en fá eldri. Þar var allnokkuð af urriðaseiðum á fyrsta ári. Mjög lítið fannst af laxaseiðum á efri stöð í Kálfá (st. 15) og eingöngu seiði á fyrsta ári.

Aldur á göngufiski.

Hreistri til aldursgreiningar var safnað af 26 lögum úr netafla á Urriðafossi 3. ágúst. Tveir laxar voru veiddir í Sandá í Þjórsárdal 29. ágúst. Niðurstöður aldurslesningar koma fram í töflu 4 og lengdardreifingin á mynd 10. Einn lax var ekki unnt að aldursgreina. Allir laxarnir, utan tveir, höfðu verið eitt ár í sjó (smálax). Af eins árs laxi úr sjó voru hængar fleiri en hrygnur (14:13). Báðir tveggja ára laxarnir úr sjó (stórlax) voru hrygnur. Flestir höfðu verið 3 ár í fersku vatni áður en þeir gengu til sjávar en nokkur hluti tvö og fjögur ár. Fjögurra ára laxar voru því algengastir. Meðalengd smálaxa var 62,9 sm og þyngdin 2,8 kg. Stórlaxarnir voru að jafnaði 5,5 kg. Enginn laxanna hafði hrygnt áður. Enginn lax hafði verið eitt ár í fersku vatni. Allir (7,4%) tveggja ára laxarnir úr fersku vatni voru greindir sem upprunnir úr sleppingum

sumaralinna seiða. Einn laxar (3,7 %) var örmerktur. Laxarnir úr Sandá reyndust vera úr sleppingum sumaralinna seiða.

Aldursgreindir voru 13 sjóbirtingar úr netaveiði safnað 3. ágúst. Stærðin var frá 41 til 55 sm og þunginn 1,0 til 2,0 kg. Fimm voru hrygnur og 6 hængar, en tvo reyndist ekki unnt að aldursgreina. Fimm höfðu verið 3 ár í fersku vatni áður en þeir gengu til sjávar í fyrsta sinn og 6 höfðu verið ári lengur. Sjóbirtingarnir voru 1 til 3 sumur í sjó. Flestir höfðu dvalið 2 sumur í sjó (46%). Sex sjóbirtinganna báru merki þess að hafa hrygnt áður.

Endurheimtur úr seiðasleppingum.

Heimtur af örmerkjum úr seiðasleppingum árin 1995 til 1997 koma fram í töflum 5 til 8. Merkin komu úr netaveiði bænda í Þjórsá. Endurheimtur eru umreiknaðar út frá heimtum veiðijarða þar sem merkjaskil eru góð og gert ráð fyrir sama hlutfalli merktar laxa í allri veiði. Á síðastliðnu sumri komu fram 21 örmerktir laxar sem sleppt hafði verið á vatnasvæðið. Einn Lax kom fram í Þjórsá sem sleppt hafði verið í Ytri-Rangá. Fjórir uggaklipptir laxar voru merkislausir. Sex merktir laxar voru úr sleppingum sumaralinna seiða 1995. Þessum seiðum var dreift 30. ágúst og voru við sleppingu að meðaltali 5,8 g og 8,1 sm. Einn lax úr þessum sleppingum kom fram árið 1997 og 26 sumarið 1998. Bestu heimtur hafa til þessa verið af hóp sem dreift var í Þjórsá við Haga, 0,86 % umreiknað, en seiði sem fóru í Þverá, mest ofan við foss hjá Fosnesi, koma fast á eftir með 0,75 %. Seiði sem fóru í Fossá hafa skilað sér í 0,15 %. Séu heimtur yfirfærðar á heildarfjölda sumaralinna seiða sem sleppt var 1995 (26200 stk) eru heimtur til þessa í veiði samtals 150 laxar, þrír komu árið 1997, 120 árið 1998 og 27 í sumar. Frá sleppingum gönguseiða árið 1996 hafa endurheimst 0,43 % (umreiknað). Hæstar heimtur eru úr Þveárhópur, 0,77 %. Sé þetta yfirfært á heildarfjölda seiða sem sleppt var hafa um 70 laxar úr sleppingum gönguseiða vorið 1996 skilað sér í veiði á vatnasvæðinu. Tólf laxar komu fram úr sleppingum örmerktra sumaralinna seiða 1996. Seiðum þessum var dreift í september í Fossá ofan og neðan við Hjálparfoss, í Þjórsá við Haga og Minnivallalæk. Auk þess fóru ómerkt seiði ofan við foss í Þverá, í Sandá og Hvammsá. Þau voru að jafnaði 7,8 g og 8,8 sm. Heimtur til þessa eru bestar úr Þjórsárhóp 0,64 %. Úr Fossárhóp hafa 0,57 % skilað sér og 0,34 % úr Minnivallalæk (tafla 8). Sé þetta yfirfært til allra seiða sem sleppt var sumarið 1996 hafa til þessa veiðst 402 laxar úr sleppingu 70.000 seiða ofan við stigann í Búða. Árið 1998

veiddust 207 og í ár 195 laxar. Þessi seiði eiga enn eftir að koma fram á næstu árum því samkvæmt seiðarannsóknnum var hluti þeirra ekki enn genginn til hafs haustið 1998 (Magnús Jóhannsson 1998). Einn lax veiddist í klakveiði í Minnivallalæk sem sleppt hafði verið sem gönguseiði í Bjallalæk vorið 1998.

Göngur upp laxastigann í Búða.

Teljari var settur niður í fiskstigann í Búða síðla í júní og tekinn upp 2. nóvember. Rekstur hans gekk ekki sem skildi. Fyrstu vikurnar var hann óvirkur. Á tímabilinu frá 3. ágúst og fram til 2. nóvember var hann virkur og voru þá taldir upp 61 fiskar þar af 37 laxar. Í ágúst gengu upp 13 laxar, í september 20 og 4 í október. Mest var laxagengdin dagana 16. til 18. september en þá voru taldir 12 laxar á leið upp stigann. Að öðru leyti var laxgengdin mest upp síðari hluta ágúst og síðari hluta september. Smærri fiskar (silungar) voru að ganga á svipuðum tíma og laxinn.

Umræða.

Náttúrulegt laxaklak úr hrygningu 1998 fannst á svæðinu ofan Búða. Sumarið 1997 var nokkur laxagengd um stigann og hefur sá lax náð að hrygna og koma upp seiðum. Árangursrík klak hefur áður verið staðfest árin 1994, 1995, 1997 og 1998. Líkleg skýring á því að laxaklak fannst ekki 1996 er að laxagengd var erfið upp Þjórsá sumarið 1995 vegna mikils gruggs í árvatninu. Þetta sumar kom enginn lax fram í teljaranum í stiganum við Búða.

Seiði úr sleppingum sumaralinna seiða fengust mest í Þjórsá við Haga. Seiði frá sleppingum 1996 fundust í litlum mæli þau eru líklega gengin til sjávar enda komin fram í veiði. Lítið kom fram af eins árs sleppiseiðum.

Laxaseiði fundust nú í meiri þéttleika í Kálfá en á sumrinu 1998. Þéttleiki var þó lítill á efri stöð (st. 15) og eingöngu fundust þar seiði á fyrsta ári. Seiðaárgangur 1998 virðist mjög slakur í Kálfá. Árgangur 1997 er einnig slakur. Það er umhugsunarefni hve laxaklak er lítið sum ár í Kálfá. Ástæður þess eru ekki ljósra, en vera kann að sum ár a.m.k., liggi skýringin í of lítilli hrygningu. Í Þjórsá, neðan Kálfár, komu eins árs seiði í minna mæli fram en á fyrra ári en tveggja ára laxaseiði í meira mæli. Engin þriggja ára laxaseiði komu fram. Urriðaseiði á fyrsta ári voru áberandi á neðri svæðum í Kálfá. Vöxtur seiða var almennt góður.

Náttúrulegir göngulaxar úr Þjórsá voru flestir 3 ár í fersku vatni og eitt ár í sjó. Kálfárlax er 2-3 ár í fersku vatni sem seiði. Þjórsárlax virðist hins vegar þurfa 3-4 ár til að ná gönguþroska (Árni Ísaksson 1973 og 1978, Magnús Jóhannsson 1994b) sem einnig hefur komið fram í seiðarannsóknum (Magnús Jóhannsson 1998). Enginn lax úr aldursgreiningu hafði verið eitt ár í fersku vatni, upprunnir úr gönguseiðasleppingum. Þrjátíu og tvö prósent laxa hafði verið tvö ár í fersku vatni. Hluti þeirra er náttúrulegur og hluti úr sleppingum og getur verið erfitt að greina þar í milli.

Heimtur gönguseiða í Þjórsá hafa ofast verið frá 1,0 % til 2,2% í veiði, sem telst viðunandi árangur (sbr. Magnús Jóhannsson ofl. 1994). Þær voru hins vegar slakar úr sleppiárgöngum 1996 (0,43%) og 1997 (0,40%) en síðan hefur ekki verið sleppt gönguseiðum á vatnasvæðið. Gæði og meðferð seiða á sleppistað skipta máli varðandi heimtur svo og sleppi-aðstaða, auk þess sem sjávarskilyrði virðast geta haft afgerandi áhrif á afkomu seiða í sjó.

Sleppiseiði frá árunum 1995 og 1996, skiluðu sér í talsverðum mæli á vatnasvæðið í sumar. Heimtur úr hópum merktra seiða frá 1995 eru orðnar um 0,59 % og af samsvarandi hópum frá sleppingum 1996, 0,52 %. Þverá og Þjórsá koma vel út með um 0,75 til 0,86 % heimtur frá sleppingum 1995 og Þjórsá og Fossá árið 1996 með 0,57 og 0,64 %. Athygli vekur hversu seiðin fara fljótt til sjávar en allnokkur hluti þessara árganga fór til sjávar strax vorið eftir sleppingu. Þetta er vísbending á góð skilyrði fyrir uppeldi laxaseiða. Árið 1995 var sleppt rúmum 26 þús. sumaröldum seiðum og 1996 um 70 þús. Laxar úr sleppingu 1996 eiga enn eftir að koma.

Bráðabirgðatölur um veiði frá sl. sumri benda til mun meiri laxveiði en tvö undafarin ár. Hreisturslesning og merkingar gefa til kynna að hluti laxanna hafi verið úr sleppingum. Samkvæmt merkingum voru um 220 laxar úr sleppingum sumarialinna seiða árin 1995 og 1996. Seiðarannsóknir hafa sýnt að klakárgangur 1995 var sterkur í Kálfá og Þjórsá. Þessi sami árgangur er sá fyrsti sem eitthvað kvað að ofan stigans, en hann kom fram í Minnivallalæk og Fossá. Þessi árgangur virðist hafa verið uppistaðan í veiðinni í Þjórsá í sumar.

Á sl. voru voru gerðar lagfæringar á opi í fiskstiganum þar sem lax gengur í teljara. Þrátt fyrir að vera í ólagi í júlí greindi teljarinn 61 fiska á ferð upp stigann í Búða, þar af voru 37 laxar. Þetta er mun meira en áður. Ætla má að laxarnir sem gengu upp hafi verið fleiri. Veiði á laxi ofan Búða staðfestir frekari laxgengd upp á svæðið. Í haust veiddust 2 laxar í Sandá í Þjórsárdal og 8 laxar í klakveiði í Minnivallalæk. Samkvæmt bráðabirgðaveiðiskýrslum var

óvenju mikil laxgengd í Þjórsá í sumar og laxinn snemma á ferðinni upp ána. Skýringin gæti legið í að árvatnið hafi verið tiltölulega lítið gruggað (sbr. Sigurður Guðjónsson og Friðjón M. Viðarsson 1990). Þetta eru þó getgátur því reglulegar svifaursmælingar eru ekki fyrir hendi. Síkar mælingar ásamt mælingar á vatnshita gæfu miklar upplýsingar sem nýtast við athugun á gönguhegðun laxins upp Þjórsá.

Rannsóknir á fiskgengd upp Búða og seiðarannsóknir á svæðinu ofan hans hafa sýnt að lax gengur á svæðið og hrygnir þar með árangri. Laxgengd og náttúrulegt uppeldi er enn lítið en er að aukast. Náttúrulegt klak ofan stigans er nú farið að skila sér í veiði. Þrátt fyrir nokkurt uppeldi er enn rúm fyrir sleppingar sumaralinna seiða ofan stigans. Á sl. sumri var sleppt um 70 þús. sumaröldum seiðum. Vænlegast til árangurs er að seiðin séu af stofni af vatnasvæðinu og þarf því að leggja mikla áherslu á að afla nægilegs magns klakfiskjar. Þá eru ákvæði í lögum um að við fiskrækt í ám og vötnum skuli einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni.

Þakkarorð.

Niels Alvin Níelsson aðstoðaði við öflun gagna og úrvinnslu. Ýmsir starfsmenn Veiðimálastofnunar sáu um merkingar á seiðum og um merkjalestur sá Eydís Njarðardóttir. Hugrún Gunnarsdóttir starfsmaður Landsvirkjunar veitti góðfúslega aðgang að teljaragögnum. Einar Haraldsson á Urriðafossi var ötull við að safna örmerkjum og veitti góðfúslega leyfi til að taka hreistur af netaveiddum fiski. Sveinn Sigurjónsson Galtalæk veitti upplýsingar um sleppingar og klakveiði. Þá hafði Veiðimálastofnun gott samstarf við Landsvirkjun, Veiðifélag Þjórsár og veiðibændur um framkvæmd rannsóknarinnar. Þessum aðilum eru færðar bestu þakkir.

Heimildir.

Árni Ísaksson, 1973. Rannsóknir á Kálfá sumarið 1973. Veiðimálastofnun, skýrsla: 14 bls.

Árni Ísaksson, 1978. Árangur ræktunar á vatnasvæði Þjórsár 1973-1978. Veiðimálastofnun, skýrsla.

Guðni Guðbergsson, 1999. Lax- og silungsveiðin 1999. Veiðimálastofnun, VMST-R/99004: 23 bls.

- Magnús Jóhannsson, 1994a. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár. Veiðimálastofnun, VMST-S/94005X: 14 bls.
- Magnús Jóhannsson, 1994b. Fiskrannsóknir á Kálfá. Veiðimálastofnun, VMST-S/94004X: 12 bls.
- Magnús Jóhannsson, 1994c. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 1994. Veiðimálastofnun, VMST-S/940012X: 21 bls.
- Magnús Jóhannsson, 1995. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 1995. Veiðimálastofnun, VMST-S/95004X: 24 bls.
- Magnús Jóhannsson, 1996. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 1996. Veiðimálastofnun, VMST-S/96003X: 25 bls.
- Magnús Jóhannsson, 1997. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 1997. Veiðimálastofnun, VMST-S/97004: 25 bls.
- Magnús Jóhannsson, 1998. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 1998. Veiðimálastofnun, VMST-S/98007: 23 bls.
- Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson, 1994. Árangur laxaseiðasleppinga á vatnasvæði Þjórsár árin 1988-1992. VMST-S/94006: 8 bls.
- Sigurður Guðjónsson og Friðjón M. Viðarsson, 1990. Rannsóknir á göngufiski í vatnakerfi Blöndu árið 1989. Veiðimálastofnun, VMST-R/90004 20 bls.
- Vatnamælingar Orkustofnunar, 1998. Áráttan. Fréttabréf Vatnamælinga Orkustofnunar. Nr. 13, 3. ársfjórðungur 1998: 4 bls.

Tafla 2. Þéttleiki seiða eftir tegundum, aldri og uppruna á vatnasvæði Þjórsár 1999. Tölur standa fyrir veidd seiði á 100 m².

Tegund:		Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax	Lax
---------	--	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----

Tafla 3. Meðallengdir (mm), staðalfrávik, og fjöldi seiða í seiðarannsókn í Þjórsá og Þverám hennar 1999. Rannsóknin fór fram 5. til 11. ágúst.

		Tegund:	Lax	Lax	Lax	Lax	Bleikja	Bleikja	Urriði	Urriði	Urriði	Urriði	Hot
		Aldur:	0+	0+	1+	1+	2+	0+	1+	0+	1+	2+	4+
		Uppruni:	Nátt.	Sleppis.	Nátt.	Sleppis.	Nátt.	Nátt.	Nátt.	Nátt.	Nátt.	Nátt.	Nátt.
Vatnsf.	Stöð												
Fossá	1	Meðall.	39	88		102		39					
		Staðalf.	3	9				4					
		Fjöldi	7	8	0	1	0	2	0	0	0	0	0
Þverá	2	Meðall.		76		99							
		Staðalf.		9		3							
		Fjöldi	0	7	0	2	0	0	0	0	0	0	0
Minnivallalekur	9	Meðall.								48	120		
		Staðalf.									14		
		Fjöldi	0	0	0	0	0	0	1	7		0	0
Minnivallalekur	7	Meðall.	43		100				50	139			
		Staðalf.	7		11				5				
		Fjöldi	2	0	4	0	0	0	71	1	0	0	
Minnivallalekur	6	Meðall.	45		106			52	107	44			
		Staðalf.							4				
		Fjöldi	1	0	1	0	0	1	1	115	0	0	0
Minnivallalekur	10	Meðall.						63		54	95		
		Staðalf.							8	14			
		Fjöldi	0	0	0	0	0	1	0	33	20	0	0
Þjórsá	11	Meðall.	39		82					44	98		
		Staðalf.							8	6			
		Fjöldi	1	0	1	0	0	0	0	21	9	0	0
Þjórsá	18	Meðall.								94			
		Staðalf.								26			
		Fjöldi	0	0	0	0	0	0	0	4	0	0	0
Þjórsá	12	Meðall.		91	66						90	120	
		Staðalf.		10	3						7	15	
		Fjöldi	0	29	2	0	0	0	0	0	3	7	0
Þjórsá	13	Meðall.			70			48				124	206
		Staðalf.										4	
		Fjöldi	0	0	1	0	0	1	0	0	0	2	1
Þjórsá	20	Meðall.	42		86		103			53	96	122	
		Staðalf.	3		8					14	7	4	
		Fjöldi	6	0	3	0	1	0	0	16	6	2	0
Kálfá	15	Meðall.	40								95		
		Staðalf.	3										
		Fjöldi	13	0	0	0	0	0	0	5	1	0	0
Kálfá	17	Meðall.	39		86		118	51		41			
		Staðalf.	4							7			
		Fjöldi	54	0	1	0	1	1	0	45	0	0	0
Allir Meðaltal			39	88	87	100	111	49	107	47	100	121	206
Staðalfrávik			4	11	15	3	11	9		10	15	12	
Fjöldi			84	44	13	3	2	6	1	311	47	11	1

Tafla 4. Niðurstöður aldursgreiningar á laxi úr Þjórsá og Sandá 1999


Ár í ferskvatni	Eitt ár í sjó		Tvö ár í sjó		Allir	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2	8	32	2	100	10	37
3	15	60	0	0	15	56
4	2	8	0	0	2	7
Samtals	25	100	2	100	27	100


Tafla 5. Fjöldi örmerktra göngu- og sumaralinna seiða sleppt á vatnasvæði Þjórsár haustið 1995 (sumaralin) og vorið 1996 (gönguseiði) og endurheimtur þeirra.

		Fjöldi	E D U R H E I M T U R				U M R. H E I M T U R		
Sleppiá		merkt	1997	1998	1999	Samt.	%	Fjöldi	%
Rauða	(gönguseiði)	1.522	2	0	0	2	0,13	3	0,21
Minnivallal.	(gönguseiði)	1.006	1	1	0	2	0,20	3	0,34
Þverá	(gönguseiði)	1.505	7	0	0	7	0,47	11	0,74
Þverá	(sumaralin)	3.301	1	11	2	14	0,42	25	0,75
Þjórsá Hagi	(sumaralin)	3.300	0	13	3	16	0,48	29	0,86
Fossá	(sumaralin)	3.436	0	2	1	3	0,09	5	0,15
Samtals		14.070	11	27	6	44		76	
Meðalheimtur gönguseiðahópa							0,27		0,43
Meðalheimtur hópa sumaralinna seiða							0,33		0,59


Tafla 6. Fjöldi örmerktra göngu- og sumaralinna seiða sleppt á vatnasvæði Þjórsár haustið 1996 (sumaralin) og vorið 1997 (gönguseiði) og endurheimtur þeirra.

		Fjöldi	E D U R H E I M T U R				U M R. H E I M T U R	
Sleppiá		merkt	1998	1999	Samtals	%	Fjöldi	%
Minnivall.	(gönguseiði)	2.020	1	0	1	0,05	2	0,09
Rauða	(gönguseiði)	2.082	3	1	4	0,19	7	0,34
Þverá	(gönguseiði)	2.072	7	2	9	0,43	16	0,77
Fossá	(sumaralin)	2.520	7	1	8	0,32	14	0,57
Minnivall.	(sumaralin)	2.496	1	4	5	0,20	9	0,34
Þjórsá	(sumaralin)	2.993	4	7	11	0,37	19	0,64
		14183	23	15	38		67	
Meðalheimtur gönguseiðahópa						0,23		0,40
Meðalheimtur hópa sumaralinna seiða						0,30		0,52










Mynd 2. Laxveiði í Þjórsá árin 1960 til 1998



Mynd 3. Lengdardreifing urriða úr rafveiðum í Minnvallalæk og Þjórsá neðan hans.



Mynd 4. Lengdardreifing urriðaseiða úr rafveiðum við vesturbakka Þjórsá og allra urriða á svæðinu ofan við Búða.



Mynd 5. Lengdardreifing bleikjuseiða úr rafveiði í Þjórsá og þverám hennar.